

109
(framh.)

3. Af vöxtum búnaðarskólasjóðs amtsins	Flutt 880 kr.
4. Styrkur úr landssjóði p. á.	280 —
	2500 —
	Samtals 3660 —

17. Var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1891:

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	1000 —
2. Niðurjöfnun	1350 —
	Samtals 2350 —

Gjöld:

1. Til bóluþættinga og annara heilbrigðismálefna	350 —
2. Til kennslu heyrnar- og málleysingja	300 —
3. Kostnaður við amtsráðið	300 —
4. Ferðakostnaður	150 —
5. Ýmisleg gjöld	250 —
6. Eptirstöðvar	1000 —
	Samtals 2350 —

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var því fundi slitið, eptir að hann hafði staðið dagana 16., 17., og 18. júním.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 6. septbr. 1890.

E. Th. Jónassen.

III

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 27. til 30. júní 1890.

Ár 1890 h. 27. júní átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru: hinn setti amtmaður í Suðuramtinu, assessor Jón Jensson, og amtsráðsmennirnir Ísleifur prestur Gíslason á Arnarbæli og Þorlákur alþingismaður Guðmundsson í Hvammkoti.

Neðanefnd mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1889. Við 7. gjaldlið þessa reiknings (»ýmislegur kostnaður«) athugast, að þar eru meðal annars taldar borgaðar úr jafnaðarsjóði 91 kr. 54 a., nfl. helmingur af gamalli skuld, leiðandi af fjárkláðanum, sem Borgarfjarðarsýsla hefur verið krafín um af landssjóði. Þótt amtsráðið álíti þessa skuld óviðkomandi jafnaðarsjóðnum, vill það samþykkja þessa útborgun með því skilyrði, að hinn helmingurinn verði mótmælalaust greiddur af sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, svo að skuldinni sje þar með lokið.
2. Forseti lagði enn fremur fram reikninga: 1) yfir búnaðarskólagjald í Suðuramtinu 1889 og 2) yfir leiguliðasjóð Suðuramtsins s. á.; voru þeir yfir farnir og fannst ekkert athugavert við þá.
3. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a. úr Austur-Skaptafellssýslu 1889.

- b. — Vestur-Saptafellssýslu s. á.
- c. — Rangárvallasýslu s. á.
- d. — Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir árin 1888 og 1889, og var við þessa reikninga ekkert athugavert.
- e. Við reikning 1889 úr Árnessýslu var ekki annað að athuga en að fylgiskjal nr. 49 (með 11. gjaldlið) vantar.
- f. Við reikning úr Borgarfjarðarsýslu 1888 er athugandi, að fylgiskjölín nr. 35, 72, 73 og 76 vanta.
- g. Við reikning sömu sýslu 1889 athugast, að þar sjest af svörum reikningshaldara uppá athugasemdir endurskoðanda, að þótt hann hingað til hafi reiknað vegagjaldið eptir verðlagsskrá undanfarandi árs, eins og annarstaðar á sjer stað, þá ætli hann nú framvegis að reikna það eptir þeirri, sem gildir í gjalddaga, eptir bendingu endurskoðara, en amtsráðið álitur fyrri aðferðina rjettari og styðst í því efni við dómsmálastjórnarbrjef 9. nóvember 1867.

Um leið og amtsráðið skírskotar il þeirrar alvarlegu áminningar, sem reikningshaldara var gefin í athugasemd við reikninginn 1887 um innheimtu á úti-standandi sýslusjóðs- og sýsluvegagjöldum, vill það taka fram, að þó því virðist sem þessari áminningu hafi verið sáralítill gaumur gefinn, vilji það ekki að þessu sinni koma fram ábyrgð á hendur reikningshaldara, en væntir að það þurfi ekki optar að hreifa þessu efni, heldur verði á þessu ári bæði innheimt hið úti-standandi sýslusjóðs- og sýsluvegagjald og lögð fram nákvæm skilagrein fyrir því, sem ýmsir hreppar kunni að hafa unnið af sjer af sýsluvegagjaldinu, án þess að það hafi verið tilfært í reikningunum.

- 4. Forseti lagði fram eptirrit þau, er nú skal greina, af fundarbókum sýslunefndanna:
 - a. Úr Austur-Skaptafellssýslu fundargjörðir 9. maí 1890.
 - b. — Vestur-Skaptafellssýslu fundargjörðir 30 apríl s. á.
 - c. — Rangárvallasýslu fundargjörðir 4. okt. 1889 og 24. apríl 1890.
 - d. — Vestmannaeyjasýslu fundargjörðir 10. marz 1890.
 - e. — Árnessýslu fundargjörðir 21. apríl 1890.
 - f. — Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. nóv. 1889 og 21. maí 1890.

Við þessar fundargjörðir var ekkert að athuga.

- g. — Borgarfjarðarsýslu fundargjörðir 10. maí 1889. Við þær þótti ekkert athugavert, en við fundargjörðir þaðan 26. marz 1890 athugast, að þar sem er að ræða um eptirlit með fjársölu o. s. frv., þá sjest, að til að íhuga þetta mál hefur verið kosin nefnd á fundinum, en um tillögur þeirrar nefndar, sem voru samþykktar af fundinum að nokkru leyti, verður ekkert sjeð af fundargjörðunum, svo að amtsráðið getur enga hugmynd haft um hin endilegu úrslit málsins. Leggur amtsráðið því fyrir oddvita að senda sem fyrst til amtmanns skýringu hjerað-lútandi, og að gæta þess framvegis, að fundargjörðirnar beri glögglega með sjer þær ályktanir sem gjörðar eru.
- 5. Forseti skýrði frá, að sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu með brjefi dags. 18. nóv. f. á. fyrir hönd sýslunefndarinnar hefði beiðzt samþykkis amtsráðsins til lántöku 600 kr. til vaxtagreiðslu af skuld sýslusjóðsins leiðandi af kaupum á jörðinni Hvanneyri, og að hann hefði með brjefi 18. des. f. á. veitt þetta leyfi uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins. Amtsráðið gaf samþykki sitt til þessa.

III 6. Amtsráðið leggur til að þessum búnaðarfelögum verði veittur styrkur af fje því sem veitt er með fjárlaganna 10. gr. C. 4. b.:

a.	til búnaðarfelags Suduramtsins	2000 kr.
b.	til framfarafelags Hornfirðingu og Lónsmanna . , . .	40 —
c.	— búnaðarfelags Borgarhafnarhrepps	25 —
d.	— — — — — Öræfinga	25 —
e.	— — — — — Kleifahrepps	25 —
f.	— framfarafelags Landmannahrepps	35 —
g.	— búnaðarfelags Hvolhrepps	75 —
h.	— búnaðar- og jarðabótafelags Merkur bæja	30 —
i.	— búnaðarfelags Austurlandeyjahrepps	75 —
j.	— — — — — Holtamannahrepps	35 —
k.	— — — — — Grímsnesshrepps	120 —
l.	— — — — — Biskupstungnahrepps	65 —
m.	— — — — — Hrunamannahrepps	100 —
n.	— — — — — Gnúpverjahrepps	50 —
o.	— — — — — Skeiðahrepps	50 —
p.	— — — — — Gaulverjarbæjarhrepps	85 —
q.	— — — — — Sandvíkurhrepps	40 —
r.	— — — — — Ölveshrepps	50 —
s.	— — — — — Mosfells- og Kjalarneshrepps	70 —
t.	— — — — — Seltjarnarneshrepps	60 —
u.	— — — — — Hálshreppinga	40 —
v.	— — — — — Reykdæla	75 —
w.	— — — — — Andakýlshrepps	55 —
x.	— — — — — Skorradalshrepps	20 —
y.	— — — — — Hvalfjarðarrtandarhrepps	85 —
z.	— — — — — Leirár- og Melahrepps	40 —
p.	— — — — — Skilmannahrepps	30 —
æ.	— — — — — Innri Akraneshrepps	40 —

Um búnaðarfelögin undir staflíð *i* og *j* skal þess getið, að þó að sýslunefnd Rangárvallasýslu ekki hafi sjeð sjer fært að leggja meðmæli með fjárbón þessari, þarsem bónarbrjefið færi fram á styrk af því fje, «sem sýslunefndin hafi til umráða til eflingar búnaði», en sem ekkert var til, þykir amtsráðinu þó ekki full ástæða að leggja áherzlu á þennan galla á bónarbrjefinu og vill því að sínu leyti mæla með styrkveitingu. Þar á móti getur amtsráðið ekki mælt með bónarbrjefi frá Ytri Akraneshreppi, þar sem fjelagið hefur ekkert unnið að búnaði á árinu, en biður að eins um styrk til þess að halda uppi ljóskei. Ekki getur amtsráðið heldur mælt með bónarbrjefi frá kynbótafelagi Gnúpverjahrepps, þarsem annað búnaðarfelag er í þessum sama hreppi, sem amtsráðið mælir með að fái styrk, og bónarbrjefið þar að auki ber ekki með sjer, hvernig þessum styrk eigi að verja.

7. Forseti lagði fram brjef frá kvennaskólanefndinni í Reykjavík dags. 11. júní þ. á. um styrk úr jafnaðarsjóði Suduramtsins 200 kr. fyrir yfirstandandi ár. Amtsráðið veitti 100 kr. styrk.
8. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Skaptafellss. dags. 14. janúarm. þ. á.,

þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Austur-Skaptufellssýslu fer þess á leit að amtsráðið stuðli til þess að þetta sýslufjelag verði aðskilið frá Suðuramtinu og sameinað Austfirðingafjórðungi, ef sjerstakt amtsráð yrði stofnað fyrir Austfirðinga. Þarsem nú alþingi hefur nýlega samið frumvarp til laga um breytingu á amtsráðunum, sem nú liggur undir staðfestingu konungs, en í því frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að Austurskaptafellssýsla verði aðskilin frá suðuramtinu, þykir amtsráðinu að stöddu þýðingarlaust að hafa nokkur afskipti af þessu máli.

9. Forseti lagði fram brjef, frá sýslumönnunum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Rangárvalla- og Árnessýslu, þar sem þeir fyrir hönd hlutaðeigandi sýslunefnda fara fram á, að bættar verði sem fyrst mestu torfærur á aðal-póstvegum í þessum sýslum.

Amtsráðið felur forseta að beina þessum tilmælum til landshöfðingja með beztu meðmælum sínum.

10. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 6. maí p. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar fer þess á leit, að amtsráðið veiti meðmæli sín til þess, að landshöfðingi veiti 200 kr. til þess að fullgjöra stýflugarð fyrir Ölvesá á Brúnastaðafloðum, þarsem flóð úr ánni á þessu svæði geti gjört aðalpóstveginum í Hraungerðishreppi mikið tjón. Amtsráðið fól einnig forseta sínum að beina þessu brjefi til landshöfðingja með beztu meðmælum, þar sem því er kunnugt, að sýslubúar hafa þegar lagt mjög mikinn kostnað fram til þessa stórfyrirtækis.
11. Forseti lagði fram ýms skjöl og reikninga snertandi Hvanneyrar-skólann; en formlegur aðalreikningur hafði eigi orðið saminn, sökum þess, að reikningur skólastjóra kom eigi fyrr en í byrjun amtsráðsfundar; amtsráðið gat þess vegna eigi úrskurðað reikning skólans á þessu sumri, og það því síður, sem reikningur skólastjóra var ekki í því formi, að amtsráðið gæti látið sjer hann lynda, og því felur það forseta að leggja fyrir skólastjóra að semja hið fyrsta reikning yfir skólabúskapinn eptir formi, sem amtmaður gefi honum, og leggja síðan þennan reikning með aðalreikningi skólans fyrir næsta amtsráðsfund til úrskurðar. Skólastjóri, sem var viðstaddur á fundinum, fór fram á ýmsar útveganir til skólans svo sem á hestum, auknum rúmfatnaði o. fl., og fól amtsráðið forseta að leyfa þessar útveganir, að svo miklu leyti sem fje það, sem lagt er til skólans, hrökkur til. Sömuleiðis samþykkti amtsráðið að forseti hafði leyft, að nýtt fjós yrði byggt þar á þessu vori.
12. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 26. p. m., þar sem hann eptir fyrir-mælum ráðgjafans fyrir Ísland skorar á amtmanninn í Suðuramtinu að hlutast til um, að lántaka sú úr landssjóði af hendi jafnaðarsjóðsins og sýslufjelaga Árness- og Rangárvallasýslna, sem lögin frá 3. maí 1889 um brúargjörð á Ölvesá gjöra ráð fyrir, verði sem fyrst framkvæmd, þar sem búast megi við, að farið verði að nota fjeð. Amtsráðið fól forseta sínum að gefa út skuldabryf fyrir amtsráðsins hönd fyrir 10,000 kr., er ávaxtist og endurgjaldist samkvæmt nefndum lögum með 482 kr 62½ e. á ári 45 ár.
13. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 31. f. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar þar fer þess á leit, að amtsráðið hlutist til um, að allt það fje, sem rekið verði gegn um sýsluna, sje glögglega markað eður auðkennt.

Amtsráðið skoraði á forseta sinn, að stuðla til að á komist haganlegar reglur

III fyrir fjárrekstrum í öllu amtinu til tryggingar því að menn missi eigi eign sína fyrir umferð á þessum rekstrum.

14. Amtsráðið veitti hinn vanalega 100 króna styrk til sæluhúss-varðarins á Kolviðarhóli, Jóns Jónssonar. Forseti skýrði frá að kaup þau á baðstofu og hesthúsi á Kolviðarhóli, sem ráðgjörð voru á síðasta amtsráðsfundi, væru nú fullgjörð, og beiddist samþykkis amtsráðsins til þess, að 10 kr. yrði bætt við kaupverðið fyrir göng milli sæluhússins og baðstofunnar, sem virðingarmenn höfðu gleymt að virða, og var það veitt. Sömuleiðis lagði forseti fram úttektargjörð á baðstofunni og hesthúsinu frá úttektarmönnum Ölveshrepps.
15. Þvínæst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1891, svo látandi:

Tekjur	
1. Eptirstöðvar	1500 kr.
2. Niðurjöfnun	2000 — 3500 kr.
Gjöld.	
1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna . . .	500 —
2. — ferðakostnaðar	200 —
3. — kennslu beyrnar- og málleysingja	300 —
4. — sáttamálefna	100 —
5. — kostnaðar við amtsráðið	200 —
6. Ymisleg gjöld	700 —
7. Eptirstöðvar	1500 — 3500 kr.

Amtmaðurinn í Suðuramtinu, Reykjavík 6. septbr. 1890.

E. Th. Jónassen.

III

Ágrip

af reikningi yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1889.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1888:
 - a. Innritunarskírteini, Lit. A, Fol. 87 . . . kr. 28500,00
 - b. Skuldabryjef einstakra manna — 39015,85
 - c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1888 . . . — 16,16
 - d. Í peningum — 3,23 kr. 67535,24
2. Vextir á árinu:
 - a. Af innritunarskírt., Lit. A, Fol. 87 . . . kr. 997,50
 - b. — skuldabryjefum einstakra manna, 1480 kr.
64 a. ÷ 16 kr. — 1464,64
 - c. Dagvextir — 31,24
 - d. Vextir af fje í sparissjóði Reykjavíkur . . . — 23,62 — 2517,00
3. Endurgoldin lán og afborganir — 2274,63
4. Ný skuldabryjef, er sjóðurinn hefur eignast — 1150,00
5. Borgaðir vextir frá fyrra ári — 16,00

Tekjur alls kr. 73492,87